

## AUGLÝSING

Skrá yfir þau störf sem eru undanskilin verkfallsheimild, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með síðari breytingum, en falla undir 3.-8. tölulið 1. mgr. Um er að ræða öryggismönnun á hverri deild fyrir sig svo hægt sé tryggja að íbúar og þjónustubegar á Hrafnistu fái viðeigandi hjúkrun, heilbrigðisþjónustu og að öryggi þeirra sé tryggt.

Mönnun almenns starfsfólks í verkfalli

	Mönnun í verkfalli		
	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
<b>Laugarás</b>			
Lækjartorg	9	9	2
Sólteigur	8	6	2
Mánateigur	8	6	2
Vitatorg	9	9	2
Miklatorg/Engey	9	9	3
Borðsalur	3	1	
Eldhús	12		
Viðey-Dagbjálfun	7		
<b>Samtals</b>	<b>65</b>	<b>40</b>	<b>11</b>
<b>Sléttuvegur</b>			
Berg	12	12	4
Foss	10	10	3
Dagdvöl	5		
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>22</b>	<b>7</b>
<b>Skógarbær</b>			
1. og 3. hæð	11	9	2
2. hæð	11	9	2
Eldhús	3		
Þvottahús	2		
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>18</b>	<b>4</b>
<b>Boðarþing</b>			
Lundur	10	10	3
Kór	15	15	4
Dagdvöl	2		
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>25</b>	<b>7</b>

Skráin öðlast gildi frá birtingu auglýsingar

Reykjavík, 15. janúar 2026

María Fjóra Harðardóttir  
Forstjóri Hrafnistu

## Rökstuðningur fyrir mönnun komi til verkfalls

Hlutverk hjúkrunarheimila er að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og að veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimila að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok. Þjónustan skal vera byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans og miðað að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegu lífsgæðum, sjá lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Meginviðfangsefni hjúkrunarheimila er að veita langtímahjúkrun, aðhlyningu og umönnun og félagslegan stuðning á faglegan og ábyrgan hátt sem byggir á umhyggju og virðingu fyrir íbúa og fjölskyldu hans.

Til vistunar á Hrafnistuheimilunum þarf hver heimilismaður að hafa verið metinn af færni- og heilsuástandnefnd um þörf á þeirri hjúkrun sem þar er veitt. Íbúar á Hrafnistuheimilunum eru margir fjölveikir, bráðveikir, hreyfiskertir, heilabilaðir, með skert innsæi á eigið öryggi og jafnvel á líknandi meðferð og þurfa sólarhrings hjúkrun og fjölþætta umönnun.

Starf almenns starfsfólks á Hrafnistuheimilunum er mikilvægt og störf þess fjölbreytt frá því að sinna, styðja við og veita heimilismönnum viðeigandi umönnun, heilbrigðis- og öryggisþjónustu í að sinna ýmiskonar stoðþjónustu svo hægt sé að veita íbúum viðeigandi heilbrigðisþjónustu út frá markmiðum og gildum Hrafnistu. Almenn starfsfólk á Hrafnistu vinnur við aðhlyningu, býtibúr, í borðsal og í eldhúsi.

Eðli starfa almenns starfsfólks á Hrafnistuheimilunum er að veita íbúum hjúkrun og viðeigandi stuðning við daglegar athafnir og búa til heimilislegt umhverfi svo þeim líði sem best. Ábyrgðar- og verksvið þeirra er fjölbreytt allt frá því að veita stuðning og umönnun frá því að sjá um þrif á vistaverum og að aðstoða íbúar við að matast.

Af þeim sökum er afar brýnt að undanþága sé veitt fyrir umbeðin störf svo hægt verði að tryggja lágmarks heilbrigðisþjónustu og hjúkrun.

Óskað er eftir rökstuddum athugasemdum / samþykki Verkalýðsfélagsins Eflingar á þessum tillögum.